

Miðvikudaginn 5. apríl 1967.

Nr. 244/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jakob Valdimarssyni.

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður H. Stefánsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur ákærði komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Þá hafa lögreglumenn þeir, er stóðu að töku ákærða, einnig gefið skýrslur fyrir dómi og staðfest vætti sín.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns hér fyrir dómi, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jakob Valdimarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. september 1966.

Ár 1966, miðvikudaginn 28. september, var á dómþingi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háð var í skrifstofu dómsins af Sigurði H. Stefánssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 733/1966: Ákærvaldið gegn Jakob Valdimarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. september s.l., er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 30. júní 1966, höfðað gegn Jakob Valdimarssyni, Löngufit 18, Garðahreppi, fyrir að aka laugardaginn 2. apríl 1966 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 128 fram og aftur um innkeyrslu að Löngufit 18 í Garðahreppi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 17. september 1928 í Hraunsholti, Garðahreppi, og hefur áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1947 11/12 í Hafnarfirði: Áminning fyrir næturakstur.

1948 5/1 í Hafnarfirði: Sátt, 20 kr. sekt fyrir ljósleysi á bifreið.

1948 9/2 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1953 25/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1957 9/8 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1962 15/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga.

1962 6/6 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 2.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu fyrir brot á umferðar- og áfengislögum.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 2. apríl 1966 klukkan 1230 var hringt á lögreglustöðina í Hafnarfirði og óskað eftir, að Jakob Valdimarsson, ákærði í máli þessu, yrði fjarlægður af heimili sínu, þar sem börn hans væru flúin að heiman vegna ölvunar og æsings föðurins. Lögreglumenn fóru að sinna þessu, en er til kom, reyndist ekki þörf aðgerða þeirra vegna framangreinds. Er þeir voru á leið út að lögreglubifreiðinni frá heimili ákærða, veittu þeir athygli nýjum hjólförum eftir bifreið hans, G 128, og virtist lögreglumönnum bifreiðin hafa verið hreyfð skömmu áður. Þeir fóru með ákærða til yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra og síðan til læknis, sem tók ákærða blóð til alkóhólrannsóknar.

Í skýrslu varðstjóra er ástandi ákærða lýst svo, að lítils háttar áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, andlit eðlilegt, fatn-

aður óhrein, framkoma kurteis, augu vot og blóðhlaupin, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði drukkið um það bil hálfan lítra af Vodka frá því klukkan um 2030 föstudaginn 1. apríl s.l. þar til klukkan um 0130 aðfaranótt laugardagsins. Hann kvaðst síðan hafa klukkan um 1200 bakkað bifreið sinni á lóð sinni, lengd bifreiðarinnar, og síðan ekið henni sömu vegalengd áfram. Hann kvaðst einskis áfengis hafa neytt, frá því að akstri lauk í umrætt sinn og þar til honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar.

Í blóðsýnishorni því, sem ákærða var tekið í umrætt sinn, fundust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 1.03% af alkóhóli.

Með eigin framburði ákærða, skýrslum lögreglumanna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað, að hann ók í umrætt sinn bifreiðinni G 128 undir áhrifum áfengis fram og aftur um lóð við húsið Löngufit 18 í Garðahreppi. Með framangreindu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða, sem með dómi þessa réttar, uppkveðnum 6. júní 1962, var dæmdur til greiðslu 2.000.00 króna sektar og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum, þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Svipta ber ákærða ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 3.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jakob Valdimarsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.